

BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á verklagi og vinnuháttum á þjónustu og nýsköpunarsviði – MSS23030058

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að gera úttekt á verklagi hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði og hvernig vinnuháttum hefur verið háttað þar innandyrna sl. 3-4 ár og hverju þeir fjármunir hafa skilað? Jafnframt er lagt til að til verksins verði fengið annað greiningarfyrirtæki en KPMG. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur haft til ráðstöfunar yfir þrjú milljarða undanfarin þrjú ár til að koma stafrænum lausnum á í borgarkerfinu. Innri endurskoðun hefur á áætlun sinni úttekt á stafrænni innleiðingu og er fyrirhugað að klára hana á þessu ári en ekki er víst að hún taki á öllum þáttum.